# Ungmennafélag Akureyrar

Stofnað 5. apríl 1988

# Ársskýrsla 2016




Hafdís Sigurðardóttir

**Íþróttamaður UFA árið 2016**

**Í 2. sæti í kjöri ÍBA til íþróttakonu Akureyrar**

Ungmennafélag Akureyrar, **UFA** var stofnað 5. apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu líferni. Í dag eru 595 skráðir félagsmenn og þar af um 115 iðkendur í frjálsum íþróttum og 105 í hlaupadeild UFA.

## Aðalstjórn

| | |
|---|---|
| Sigurður Magnússon | formaður |
| Finnur Friðriksson | varaformaður |
| Katrín Ásgrímsdóttir | gjaldkeri |
| Aníta Jónsdóttir | ritari |
| Gyða Árnadóttir | meðstjórnandi |
| Gunnar Eyjólfsson | varamaður |

## Skoðunarmaður reikninga

Guðmundur Víðir Gunnlaugsson

## Foreldraráð 11 – 14 ára

Kristín Sóley Björnsdóttir 2016

Þórhallur Másson 2016

## Foreldraráð 15 – 17 ára

Kolbrún Sveinsdóttir 2016

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir 2016

## Meistaraflokksráð 18 ára og eldri

Ekki fékkst neinn í meistaraflokksráð

## Mótanefnd

Sigurður Magnússon

Birgitta Guðjónsdóttir

## Fundahöld

### *Aðalfundur*

Aðalfundur UFA 2016 var haldinn miðvikudaginn 24. febrúar í kaffiteríu Íþróttahallarinnar. Um fjörutíu manns mættu á fundinn. Fundarstjóri var Eiríkur Björn Björgvinsson, fundarritari var Aníta Jónsdóttir. Gestir fundarins voru Haukur Valtýsson formaður UMFÍ og Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður ÍBA og ávörpuðu þeir fundargesti.

Úr stjórn gengu Kolbrún Sveinsdóttir, Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir og Birgitta Guðjónsdóttir.

Nýir í stjórn voru kosnir Finnur Friðriksson og Gunnar Eyjólfsson sem fulltrúi iðkenda.

### *Stjórnarfundir*

Stjórnarfundir voru 10 talsins á milli aðalfunda félagsins. Stjórnin nýtti sér nútímatækni og fjallaði um ýmis mál og afgreiddi á samfélagmiðlum og í tölvupósti, því voru formlegir fundir ekki fleiri.

### *Nefnd hjá Fasteignum Akureyrarbæjar vegna viðhalds í Boganum*

Formaður UFA, ásamt fulltrúum frá Þór, KA, Íþróttafulltrúa Akureyrarbæjar, Ingibjörgu Isaksen formanni íþróttaráðs og fleirum var í nefnd hjá Fasteignum Akureyrarbæjar vegna viðhalds í Boganum. Nefnd þessi var skipuð til þess að leita tilboða í skiptingu á gervigrasi í Boganum og samhliða því var farið í ýmsar lagfæringar og þrif. UFA fékk nýja stangarstökksdýnu, nýjar púsldýnur til ýmissa nota eins teygjur, hlaup og stökk, þyngdarbolta, sippubönd, kúluvarpskúlur, rimla á austurvegg, betri lýsingu fyrir ofan langstökksgryfjuna og stangarstökkið, festingar á vegginn fyrir stangir og grindur. Það eina sem formaður UFA fékk ekki framgengt var færsla á neti sem liggur alveg uppvið fjórðu hlaupabrautina. Framkvæmdastjóri KA var alfarið á móti því vegna fótboltans.

### *Formannafundur ÍBA*

Formaður UFA sótti þá tvo formannafundi ÍBA sem haldnir voru á árinu.

### Starf stjórnar

Stjórn UFA sér um daglegan rekstur félagsins þ.e.a.s. fá aðstöðu til æfinga inni og úti, útbúa æfingatöflu, ráða þjálfara, innheimta æfingagjöld, greiða laun þjálfara, skipuleggja mót á vegum UFA og ferðir á önnur mót sem iðkendur sækja, sækja um styrki til fyrirtækja, skila inn skýrslum til FRÍ, ÍBA og UMFÍ. Einnig heldur stjórn úti heimasíðu, sækir fundi og þing ÍBA, FRÍ og UMFÍ. Áætlanagerð er einnig í höndum stjórnar og að sækja um að halda mót FRÍ og UMFÍ og halda félaginu inni sem fyrirmyndarfélagi ÍSÍ.
Stjórn óskar eftir kaupum á nýjum og endurnýjun á áhöldum, dýnum og fleira fyrir frjálsíþróttavöllinn og Bogann til æfinga og keppni. Stjórnin sér einnig um að fá sjálboðaliða á mót, foreldraráð, mótanefndir, meistaraflokksráð, Gautaborgarnefnd og fleira.

### Þjálfaramál

Miklar breytingar voru á þjálfaramálum félagsins á haustmánuðum þar sem allir starfandi þjálfarar félagsins hættu á sama tíma, Guðmundur Daði Kristjánsson, sjúkraþjálfari, gat ekki verið lengur vegna anna. Birgitta Guðjónsdóttir, íþróttakennari, sem verið hefur þjálfari hjá UFA í langan tíma hætti einnig. Unnar Vilhjálmsson, íþróttakennari, fór í nám til Danmerkur en mun snúa aftur til UFA sumar 2017. Bjarki Gíslason, íþróttafræðingur, sem þjálfaði hjá okkur í sumar fékk stöðu íþróttakennara í Oddeyrarskóla og vildi geta einbeitt sér að æfingum sínum í stangarstökki en Bjarki er einn besti stangarstökkvari landsins.
Maður kemur í manns stað, segir máltakið, en það á víst ekki alltaf við eins og við höfum komist að í leit okkar að þjálfurum fyrir félagið. Ólafur Traustason fyrrum keppnismaður með FH í frjálsum kom inní haust sem þjálfari MFL fram að áramótum en þurfti þá að minnka við sig og gat einungis verið með eina æfingu á

viku en sér um að gera æfingaprógröm fyrir þá iðkendur sem vilja nýta sér það. Einnig gerir Guðmundur Daði æfingaprógröm fyrir þá iðkendur sem óska eftir því frá honum.
Sonja Sif Jóhannsdóttir, íþróttafræðingur, tók að sér yfirþjálfun 14 ára og yngri í haust ásamt þeim Hafdísi Sigurðardóttur, langstökkvara UFA, Steinunni Erlu Davíðsdóttur sem æfir með MFL og Arnari Má Vilhjálmssyni. Ragna Vigdís Vésteinsdóttir frá UMSS sér um þjálfun krakka 10 ára og yngri.
Þrátt fyrir að ítrekað hafi verið auglýst eftir þjálfurum fyrir félagið hér í bæ og á landsvísu og ófá símtöl formanns og annarra við fyrrverandi og núverandi frjálsíþróttaþjálfara á Akureyri og í nágrannabyggðum er allsstaðar sama svarið - enginn hefur tíma aflögu. En við trúum því að með hækkandi sól styttist jafnframt í að nýr þjálfari finnist fyrir meistaraflokk UFA.

## UFA dagurinn

UFA dagurinn var haldinn að venju í júní við Hamar, þátttaka var góð og dagurinn er alltaf skemmtilegur.

## Sundkort fyrir landsliðsmenn

Líkt og árið 2016 fá landsliðsmenn UFA frían aðgang í Sundlaug Akureyrar.

## Mót sem UFA iðkendur tóku þátt í og sem UFA hélt á árinu 2016

***Reykjavík International Games haldið í Laugardalshöll í janúar***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***MÍ 11 – 14 ára haldið í Kaplakrika í Hafnarfirði í janúar***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***MÍ öldunga haldið í Kapplakrika í Laugardalshöll í febrúar***

UFA+ átti stóran hóp keppenda og sópaði að sér verðlaunum

***MÍ í fjölþrautum haldið í Kapplakrika í Laugardalshöll í febrúar***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***Stórmót ÍR haldið í Laugardalshöll í febrúar***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***MÍ, aðalhluti, haldið í Laugardalshöll í febrúar***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***MÍ, 15 – 22 ára, haldið í Laugardalshöll í febrúar***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***10. Bikarkeppni FRÍ haldin í Kaplakrika í Hafnarfirði í mars***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri haldin í Kaplakrika í Hafnarfirði í mars***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

### *Akureyrarmót í Boganum - 9.4.2016 – Akureyri*

Hið árlega Akureyrarmót var haldið í Boganum í apríl og voru skráðir keppendur 129 talsins, 50 frá UFA og 79 frá 7 öðrum félögum á Norðurlandi með alls 361 skráningu. Þetta er stærsta frjálsíþróttamót sem haldið hefur verið innanhúss á landsbyggðinni frá upphafi.

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

### *Grunnskólamót UFA í maí 2016 – Akureyri*

Hið árlega Grunnskólamót UFA var haldið í Boganum á fjórum virkum dögum í maí. Þetta er mjög vinsælt mót hjá skólakrökkunum sem mæta mörg í sínum sérlituðu búningum með trommur og söng. Stemningin er gríðarleg og spennan milli skólanna mikil.  Sigurvegari í ár var Lundarskóli.



***Lundarskóli sigraði í Grunnskólakeppni UFA***

### *Vormót UFA haldið í lok maí 2016 – Þórsvöllur, Akureyri*

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

### *MÍ í fjölþrautum haldið í lok maí 2016 – Selfossi*

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

### *73. Vormót ÍR  15.6. 2016 – Laugardalsvöllur, Reykjavík*

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

### *Meistaramót Íslands 11-14 ára  26.6. 2016 – Laugardalsvöllur, Reykjavík*

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

### *Akureyrarhlaup Íslenskra verðbréfa og Átaks 30.6. 201 – Akureyri*

*Sjá skýrslu hlaupadeildar og úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

### *Sumarleikar HSÞ  2.7.2016 – Laugum, Reykjadal*

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***Sumarhátíð ÚÍA í júlí 2016 – Vilhjálmsvöllur, Egilsstaðir***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***Akureyrarmót UFA - 16.7.2016 – Þórsvöllur, Akureyri***

107 keppendur frá 10 félögum voru skráðir til keppni á Akureyrarmótinu.

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***90. Meistaramót Íslands og Íslandsmót fatlaðra ÍF 23.7.2016 – Þórsvöllur, Akureyri***

UFA fékk þann heiður að halda 90. Meistaramót Íslands á Þórsvellinum í sumar, þar sem ekki var hægt að halda það í Kópavogi eins og til stóð. Biðlað var til UFA á síðustu stundu að halda þetta mót sem tókst mjög vel þrátt fyrir stuttan fyrirvara. Keppendur sem komu frá Reykjavíkursvæðinu voru mjög ánægðir með aðstöðuna á Þórsvellinum.

Ásamt MÍ er haldið Íslandsmót fatlaðra sem tókst mjög vel og mættu 14 keppendur.

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***Unglingalandsmót UMFÍ haldið í Borganesi***

Eins og ár hvert mætti UFA á ULM sem að þessu sinni var haldið í Borgarnesi í góðu veðri. Iðkendur UFA stóðu sig mjög vel bæði innan vallar og utan.

Á hverju landsmóti er valið fyrirmyndarfélag landsmótsins og varð UFA fyrir valinu að þessu sinni og erum við vel að þessum titli komin. Hópurinn stóð sig mjög vel í áhorfendastúkunni og lét vel í sér heyra þegar hvetja þurfti okkar keppendur og fleiri.



**Fríður hópur UFA á Unglingalandsmóti UMFÍ í Borgarnesi 2016**



*UFA hlaut fyrirmyndarbikar UMFÍ á ULM 2016*

***Kastmót UFA haldið 2.ágúst á Þórsvelli, Akureyri***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***50. Bikarkeppni FRÍ haldin 6.8.2016 á Laugardalsvelli, Reykjavík***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri 21.8. 2016 á Laugardalsvelli, Reykjavík***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***Meistaramót Íslands 15-22 ára 27.8.2016 Kapplakrika, Hafnarfirði***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***Bætingamót UFA - 24.8. 2016 – Þórsvelli, Akureyri***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***Silfurleikar ÍR 19.11. 2016 – Laugardagshöll, Reykjavík***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

***Nóvembermót UFA 27.11 2016 – Boginn, Akureyri***

*Sjá úrslit á FRÍ.is undir Mótaforritinu Þór*

# Íþróttamaður UFA 2016

## Hafdís náði fertugasta Íslandsmeistaratitlinum




*Hafdís Sigurðardóttir í langstökkskeppninni í dag*

*Hafdís Sigurðardóttir bætti við sínum öðrum Íslandsmeistaratitli í dag þegar hún vann keppni í langstökki á MÍ í frjálsum íþróttum innanhúss í Laugardalshöll. Hún hefur nú unnið til 40 Íslandsmeistaratitla samtals, innan- og utanhúss.*

*Hafdís vann langstökkið með yfirburðum en hún stökk lengst 6,34 metra. Íslandsmet hennar frá því í janúar er 6,54 metrar. Hafdís hafði áður unnið 60 metra hlaupið í dag.*

mbl.is/Árni Sæberg

**Árangur Hafdísar árið 2016**
**Innanhúss**
Sigur á RIG í 60m og langstökki. Hún setti nýtt Íslandsmet 6.54m og með því stökki var hún 24. sæti á heimslistanum, 12. best á Evrópulistanum og nr. 2 á Norðurlöndunum. Einnig var hún hársbreidd frá því að komast á HM innanhúss.
Íslandsmeistari í langstökki innanhúss og í 60m á nýju persónulegu meti 7.55sek. og þar með vann hún sinn 40. Íslandsmeistaratitil í fullorðinsflokki.
2. sæti í langstökki á NM í Svíþjóð (Norðurlandamót innanhúss).

**Utanhúss**
1. sæti í langstökki á Smáþjóðameistaramóti á Möltu
Keppti á EM í Amsterdam hafnaði í 15. sæti.
Setti Íslandsmet 6.62m og sigraði stökkmót í Amsterdam.
54. sæti á heimslistanum, 26. sæti í Evrópu og nr. 2 á Norðurlöndunum.
Með Íslandsmetinu sínu 6.62m var hún aðeins 8 cm frá því að ná Ólympíulágmarki.

## Íslandsmeistarar UFA 2016 voru 29 talsins með 60 titla samanlagt

| | |
|---|---|
| Birnir Vagn Finnsson | 60m grindahlaup, 4x100m boðhlaup |
| Jón Þorri Hermannsson | 800m hlaup, langstökk innan og utanhúss, fimmtaþraut, 100m hlaup, |
| Glódís Edda Þuríðardóttir | 60m hlaup, 100m hlaup, 80m grindahlaup, 4x100m boðhlaup |
| Sara Ragnheiður Kristjánsdóttir | 60m grindahlaup, 4x100m boðhlaup, langstökk |
| Unnar Vilhjálmsson | Kúluvarp, 60m grind, langstökk, stangarstökk, |
| Hildur Friðriksdóttir | 60m halup, hástökk, langstökk, |
| Anna Berglind Pálmadóttir | 200m hlaup, 400m hlaup, 800m hlaup, 3000m hlaup, |
| Kristín Sóley Björnsdóttir | Langstökk, hástökk |
| Kristín Halldóra Kristjánsdóttir | Kúluvarp |
| Anna Sofia Rappich | 60m halup, langstökk |
| Kristjana Sigurgeirsdóttir | Hástökk |
| Bjartmar Örnuson | 1500m hlaup, 3000m hlaup |
| Hafdís Sigurðardóttir | 60m halup, langstökk, |
| Berglind Björk Guðmundsdóttir | 800m hlaup innan og utanhúss, 400m grindahlaup |
| Selma Líf Þórólfsdóttir | Hástökk |
| Ásgerður Jana Ágústsdóttir | Hástökk, kúluvarp, sjöþraut |
| Óliver Einarsson | 60m hlaup, langstökk, 4x100m boðhlaup |
| Bergur Ingi Óskarsson | 4x100m boðhlaup |
| Arnþór Atli Atlason | 4x100m boðhlaup |
| Sunna Karen Steinmarsdóttir | 4x100m boðhlaup |
| María Catarina Gros | 4x100m boðhlaup |
| Sunneva Kristjánsdóttir | Hástökk |
| Þorbergur Ingi Jónsson | Hálfmaraþon |
| Rannveig Oddsdóttir | Hálfmaraþon |
| Ágúst Bergur Kárason | 3000m hindrunarhlaup |
| Ragúel Pino Alexanderson | 300m hlaup, 100m grind, 300m grind, hástökk, stangarstökk, langstökk |
| Helgi Pétur Davíðsson | 400m grindahlaup |
| Arnar Valur Vignisson | 400m hlaup |
| Rún Árnadóttir | Hástökk, stangarstökk, sleggjukast |

## Landsliðmenn UFA 2016

Gunnar Eyjólfsson

Hafdís Sigurðardóttir

Rún Árnadóttir

Þorbergur Ingi Jónsson

# Íslandsmethafar UFA 2016

## 13 ára

80m grindahlaup (76,2cm) 12,43 sek **Glódís Edda Þuríðardóttir** (2003) UFA Reykjavík 26.06 2016

4x100m boðhlaup 53,64 sek Sveit UFA (2003) UFA Reykjavík 26.06 2016

**Sunna Karen Steinmarsdóttir, Sara Ragnheiður Kristjánsdóttir, Glódís Edda Þuríðardóttir, María Catharina**

## 15 ára

60m grindahlaup (84 cm) 85,5sek **Ragúel Pino Alexandersson** (2001) Reykjavík 19.11. 2016

100m grindahlaup (84 cm) 14,09sem +0,3 **Ragúel Pino Alexandersson** Hafnarfjörður 28.08. 2016

5506 +0,0 MÍ í fjölþrautum Selfoss **Ragúel Pino Alexandersson** 28.05.2016

12,08/+3.9(635) - 6,00/+2.9(587) - 10,09(491) - 1,73(569) - 56,21(551) - 17,65/+3.7(558) - 34,78(559) - 3,00(357) - 43,66(495) - 4:36,26(704)

## 18-19 ára

4x100m boðhlaup 42,27 sek Sveit Íslands (1997) Gunnar Eyjólfsson UFA, Tristan Freyr Jónsson, Kormákur Ari Hafliðason, Gylfi Ingvar Gylfason Hafnarfirði 13.08 2016

## Konur

Langstökk 6,62 +1,6 Hafdís Sigurðardóttir (1987) UFA Hilversum, NL 09.07.16

Langstökk 6,54 Hafdís Sigurðardóttir (1987) UFA Reykjavík 23.01.16

# Mestu framfarir árið 2016 **Ragúel Pino Alexandersson** og **Glódís Edda Þuríðardóttir**

# Stigahæstu einstaklingar árið 2016

Konur: **Hafdís Sigurðardóttir** 1121 stig fyrir Íslandsmetið í langstökki 6,62m

Karlar: **Bjarki Gíslason** 972 stig fyrir Stangarstökk 4,92m

# Viðurkenning fyrir vel unnin störf fyrir UFA veitt á aðalfundi 2017

Gyða Árnadóttir, meðstjórnandi og veitingastjóri UFA - 6 ár í stjórn

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ og fyrrum formaður UFA - Kosningablöð og fleira

Birgitta Guðjónsdóttir, þjálfari og stjórnarmaður UFA

**Stjórn UFA þakkar öllum þeim sjálfboðaliðum sem veittu aðstoð við mótahald og fleira á árinu 2016.**

***Tekið saman og skráð : Sigurður Magnússon, stofnandi og formaður UFA***